



Umhverfissráðuneytið
Ingibjörg Halldórsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. febrúar 2008
Tilvísun: 2008020027
Bréfalykill: 22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um kærur vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna virkjunar Svelgsár í Helgafellssveit.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfissráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um kærur frá landeigendum Svelgsár í Helgafellssveit og Fuglaverndar vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 11. janúar 2008 um að 655 kW virkjun Svelgsár skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun vísar til umsagna stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar frá 26. og 29. mars 2007, þar sem fram kemur að stofnunin telji að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér, þar sem ekki verði um að ræða veruleg neikvæð áhrif á nýtingu auðlindarinnar til annarra nota. Stofnunin telji því ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Ekkert í fram komnum kærum breytir framangreindri afstöðu Orkustofnunar.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir